

BYGGÐAFESTA OG BÚFERLAFLUTNINGAR

SVEITIR OG ANNAÐ STRJÁLBÝLI Á ÍSLANDI VORIÐ 2020



Þorkell Stefánsson, Byggðastofnun

Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, Byggðastofnun

Sigríður Elín Þórðardóttir, Byggðastofnun

Þóroddur Bjarnason, Háskólanum á Akureyri

Byggðastofnun

Sauðárkrókur 2021

ISBN 978-9935-518-03-3

Helstu niðurstöður

Niðurstöður benda til þess að það sé ákveðinn stöðugleiki í sveitum landsins því meirihluti íbúa hefur búið í sveit í meira en 20 ár og meirihluti ólst að öllu leyti upp í sveit eða strjálbýli þar sem þeir búa núna. Niðurstöður benda þó einnig til þess að um talsverðan hreyfanleika sé að ræða þar sem langflestir íbúanna hafa búið annars staðar en í sveitinni þar sem þeir búa núna.

Yfirgnæfandi meirihluti svarenda er ánægður með búsetu sína samkvæmt niðurstöðunum. Þó er munur á viðhorfi til flutninga eftir aldri en yngsti aldurs-
hópurinn er líklegastur til að flytja á næstu árum. Niðurstöður sýna jafnframt að yfirgnæfandi meirihluti ætlar ekki að flytja úr sveitinni á næstu árum.

Bændur eru ólíklegri en þeir sem ekki eru bændur til þess að ætla að flytja úr sveitinni fyrir fullt og allt í framtíðinni. Bændur sem eru einnig í vinnu hjá öðrum eru ólíklegri til að flytja úr sveitinni í framtíðinni en bændur sem eru einungis í eigin atvinnurekstri.

Yfirgnæfandi meirihluti svarenda segir að náttúran og samfélagið í sveitinni skipti sig miklu eða talsverðu máli. Þá skiptir húsið sem fólk býr í einnig máli. Fyrir áframhaldandi búsetu skipta hreint loft, kyrrð og ró og lítil umferð miklu máli, margir segja þessa þætti skipta meira máli en atvinnumál og nálægð við börn eða stjúpbörn.

Mun fleiri svarendur telja að lífsskilyrði í sveitinni hafi batnað en versnað á síðustu árum og einnig telja fleiri að lífsskilyrði muni batna en versna á næstu árum, en um 40% íbúa telja að þau muni lítið breytast frá því sem nú er. Þeir sem telja að lífsskilyrði muni batna eru ólíklegri til að flytja en þeir sem telja að þau standi í stað eða versni.

Rúmlega þriðjungur bænda reiknar með að afkomendur eða aðrir í fjölskyldunni taki við jörðinni þegar þeir hætta búskap en 40% telja það ólíklegt. Flestir svarenda eiga fjölskyldu og vini í sömu sveit en einnig er

algengt að nánasta fjölskylda búi í byggðakjörnum utan höfuðborgar-
svæðisins. Þeir sem eiga flesta af nánustu fjölskyldu og vinum í sömu sveit eru ólíklegri til þess að ætla að flytja burt en þeir sem eiga fáa eða enga nána ættingja eða vini í sömu sveit.

Fjórðungur svarenda í sveitum landsins telur líklegt að þeir flytji fyrir fullt og 10% ætla örugglega eða líklega að flytja á brott á næstu 2-3 árum. Lítil munur er á viðhorfum karla og kvenna til þess að flytja úr sveitinni hvort sem það er tímabundið eða fyrir fullt og allt. Ójafnt kynjahlutfall í sveitum landsins virðist frekar vera skýrt með minni aðflutningi kvenna en brottflutningi úr sveitinni. Svarendur í aldurshópunum 18-25 ára og 61-70 ára eru líklegastir til að flytja úr sveitinni fyrir fullt og allt.

Atvinnutækifæri eru mikilvægasta einstaka ástæða þess að svarendur segjast ætla að flytja búferlum en aðgengi að menningu og afþreyingu, heilbrigðisþjónustu, nálægð við börn eða stjúpbjörn og erfiðar samgöngur skipta einnig verulegu máli.

Heldur meiri líkur eru á að þeir sem hafa stúdentspróf eða háskólapróf ætli að flytja úr sveitinni tímabundið en þeir sem hafa grunnmenntun eða starfsmenntun á framhaldsskólastigi.

Niðurstöður sýna jafnframt að íbúar í sveitum og strjálbýli Íslands eru almennt mjög jákvæðir gagnvart aðflutningi fólks af íslenskum uppruna og flestir eru einnig mjög jákvæðir gagnvart því að hvetja brottflutta íbúa til að snúa aftur. Þá eru fleiri jákvæðir en neikvæðir gagnvart því að hvetja fólk af erlendum uppruna til að flytja í sveitina en töluvert fleiri eru þó mótfallnir því en hlynntir að hvetja eigi einstaklinga til kaupa á orlofshúsum í sveitinni.

Efnisyfirlit

1	Almennt um könnunina	1
2	Aðferðafræði	1
2.1	Kyn, aldur og búseta	2
2.2	Heimilishagir og félagslegir þættir	3
2.3	Menntun og atvinna.....	5
3	Ánægja og viðhorf til sveitarinnar	8
3.1	Greint eftir kyni og aldri	9
3.2	Greint eftir búsetu.....	10
4	Viðhorf til búferlaflutninga	12
4.1	Greint eftir kyni og aldri	14
4.2	Greint eftir búsetu.....	15
4.3	Greint eftir menntun og atvinnu.....	16
4.4	Greint eftir heimilishögum og félagslegum þáttum.....	18
4.5	Greint eftir ánægju og framtíðarsýn	20
5	Umræður	21
5.1	Bakgrunnur.....	21
5.2	Aldur og kyn	22
5.3	Heimilishagir og húsnæði.....	23
5.4	Atvinna og menntun	23
5.5	Þjónusta og afþreying	24
5.6	Fjölskylda og vinir.....	25
5.7	Hreyfanleiki fólks	25
5.8	Stóra myndin	26
	Heimildaskrá	27

Töfluyfirlit

Tafla 1. Aldur.....	2
Tafla 2. Búsetusvæði.....	2

Myndayfirlit

Mynd 1. Búsetulengd.....	3
Mynd 2. Heimilisfólk.....	3
Mynd 3. Fjárhagsleg staða heimilisins.....	3
Mynd 4. Uppeldisstaður.....	4
Mynd 5. Búseta nánustu fjölskyldu.....	4
Mynd 6. Búseta bestu vina.....	5
Mynd 7. Hæsta menntunarstig.....	5
Mynd 8. Atvinnustaða.....	5
Mynd 9. Atvinnugrein.....	6
Mynd 10. Hlutfall bænda eftir svæðum.....	6
Mynd 11. Atvinnustarfsemi á jörðinni.....	7
Mynd 12. Vinnustaður eða starfsstöð.....	7
Mynd 13. Ánægja með að búa í sveit eða strjálbýli.....	8
Mynd 14. Breyting á lífsskilyrðum í sveitinni síðustu ár og á næstu árum.....	8
Mynd 15. Mikilvægi búsetuþátta.....	8
Mynd 16. Óþægindi eða kvíði við ferðir um þjóðveginn.....	8
Mynd 17. Staða kynja í sveitinni.....	9
Mynd 18. Hverja ætti að hvetja til að setjast að í sveitinni?.....	9
Mynd 19. Ánægja með búsetu í sveitinni eftir kyni.....	9
Mynd 20. Ánægja með búsetu í sveitinni eftir aldri.....	10
Mynd 21. Ánægja með búsetu í sveitinni eftir landshlutum.....	10
Mynd 22. Breyting á lífsskilyrðum eftir landshlutum.....	11
Mynd 23. Óþægindi eða kvíði við ferðir um þjóðveginn eftir landshlutum.....	11
Mynd 24. Líkur á að börn eða ættingjar taki við jörðinni.....	12

Mynd 25. Líkur á að flytja á brott í framtíðinni.....	12
Mynd 26. Vilji til búsetu í landshlutamiðstöðvum.....	12
Mynd 27. Áform um búferlaflutninga á næstu 2-3 árum.....	13
Mynd 28. Áfangastaður þeirra sem ætla að flytja á brott á næstu 2-3 árum.....	13
Mynd 29. Ástæður fyrir áformum um að flytja á brott á næstu 2-3 árum.....	13
Mynd 30. Áhrifaþættir á áframhaldandi búsetu.....	14
Mynd 31. Líkur á að flytja á brott fyrir fullt og allt eftir kyni.....	14
Mynd 32. Líkur á að flytja á brott fyrir fullt og allt eftir aldri.....	15
Mynd 33. Vilji til búsetu í landshlutamiðstöðvum eftir landshluta (meðaltöl).....	15
Mynd 34. Líkur á að flytja á brott fyrir fullt og allt eftir landshlutum.....	16
Mynd 35. Áfangastaður þeirra sem ætla að flytja á brott á næstu 2-3 árum eftir landshlutum.....	16
Mynd 36. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir menntun.....	17
Mynd 37. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir stöðu á vinnumarkaði.....	17
Mynd 38. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir því hvort svarendur séu bændur.....	17
Mynd 39. Áform um búferlaflutninga á næstu 2-3 árum eftir því hvort svarendur séu bændur.....	17
Mynd 40. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir því hvort bændur vinni hjá öðrum eða ekki.....	18
Mynd 41. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir atvinnustarfsemi.....	18
Mynd 42. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir fjárhagsstöðu heimilisins.....	18
Mynd 43. Líkur á að flytja á brott fyrir fullt og allt eftir því hvort börn eru á heimilinu.....	18
Mynd 44. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir búsetulengd.....	19
Mynd 45. Líkur á að flytja á brott fyrir fullt og allt eftir meginuppeldisstað.....	19
Mynd 46. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir búsetu flestra eða allra í nánustu fjölskyldu.....	19
Mynd 47. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir búsetu flestra eða allra bestu vina.....	20
Mynd 48. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir ánægju með búsetu í sveitinni.....	20
Mynd 49. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir því hvort lífsskilyrði séu talin batna eða versna á næstu árum.....	20

1 Almennt um könnunina

Könnun þessi meðal íbúa í sveitum og strjálbýli á Íslandi er annar hluti rannsóknarinnar Byggðafesta og búferlaflutningar. Fyrsti hluti rannsóknarinnar var könnun meðal íbúa bæja og þorpa sem kom út vorið 2019.¹ Þriðji og síðasti hluti rannsóknarinnar er spurningakönnun meðal íbúa í stærri byggðakjörnum.

Markmið þessarar könnunar var að varpa ljósi á ýmsa þætti sem tengjast byggðafestu og búferlaflutningum í strjálbýli á Íslandi. Sérstaklega var lögð áhersla á að kanna búsetusögu, byggðafestu og búsetufyrirætlanir íbúa í strjálbýli og áhrif atvinnu, menntunar, þjónustu og félagslegra tengsla á búsetufyrirætlanir kvenna og karla í sveitum landsins.

Þóroddur Bjarnason prófessor við Háskólann á Akureyri stýrir rannsókninni en rannsóknarteymið skipa jafnframt Guðmundur Guðmundsson sérfræðingur hjá Byggðastofnun, Ólöf Garðarsdóttir prófessor við Háskóla Íslands, Sigríður Elín Þórðardóttir sérfræðingur hjá Byggðastofnun, Unnur Dís Skaptadóttir prófessor við Háskóla Íslands, Vífill Karlsson dósent við Háskólann á Akureyri og sérfræðingur hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Auk rannsóknarteymisins tók Gréta Bergrún doktorsnemi við Háskólann á Akureyri þátt í gerð spurningalistans, Þorkell Stefánsson og Alfa Dröfn Jóhannsdóttir sérfræðingar hjá Byggðastofnun sáu um tölfræðilega úrvinnslu og ritun skýrslunnar.

¹ Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019.

2 Aðferðafræði

Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 2. mars - 11. maí 2020. Kynningarbæklingur um könnunina fór inn á 6.018 heimili í strjálbýli. Tvær áminningar voru sendar í pósti, en jafnframt birtust þrjár auglýsingar og viðtal við Þórodd Bjarnason verkefnisstjóra rannsóknarinnar í Bændablaðinu. Ak þess birtust auglýsingar og net-áskoranir á Facebook.

Úrtak könnunarinnar var skilgreint sem allir íbúar 18 ára og eldri í strjálbýli á Íslandi. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 17.907 íbúar í strjálbýli þann 1. janúar 2020 (þar af 14.675 á aldrinum 18 ára og eldri).² Samtals tóku 2.150 manns þátt í könnuninni sem samsvarar um 12% allra íbúa í strjálbýli og tæplega 15% íbúa 18 ára og eldri. Samanborið við alla íbúa 18 ára og eldri í strjálbýli var hlutfall kvenna sem svöruðu nokkru hærra eða 57% en var 45% í þýði, en hlutfall karla sem svöruðu var nokkuð lægra eða 43% en í þýði voru karlar 55% mannfjöldans. Fólk af erlendum uppruna var um 7% svarenda.

Spurningalisti var settur upp í Survey Monkey og höfðu svarendur val á milli spurningalista á íslensku og ensku. Í spurningalistanum voru 66 spurningar. Hluti spurninga var þó aðeins ætlaður ákveðnum hluta svarenda. Þannig fengu svarendur t.d. mismunandi spurningar eftir því hvort þeir bjuggust við að flytja á brott á næstu 2-3 árum eða ekki. Svarendur voru að meðaltali 15 mínútur að svara íslenska listanum en 12 mínútur að svara enska listanum.

Tölfræðileg úrvinnsla var gerð í SPSS (Statistical Package for Social Sicense).

² Hagstofa Íslands, 2021a.

2.1 Kyn, aldur og búseta

Alls tóku 2.150 íbúar strjálbýlis á Íslandi þátt í könnuninni. Um 93% þeirra sögðu að aðalheimili þeirra væri í sveitinni en 7% búa mestmegnis annars staðar og eru ýmist brottfluttir íbúar, eiga fjölskyldu þar eða dvelja þar reglulega. Karlar voru 919 eða 43% og konur 1.223 eða 57%. Um 14% svarenda voru 30 ára og yngri, 14% 31-40 ára, 18% 41-50 ára, 26% 51-60 ára, 20% 61-70 ára og 9% eldri en 70 ára (tafla 1).

Tafla 1. Aldur.

Aldur	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda
18-25 ára	154	7,2%
26-30 ára	142	6,6%
31-40 ára	304	14,1%
41-50 ára	379	17,6%
51-60 ára	557	25,9%
61-70 ára	421	19,6%
71 árs eða eldri	184	8,6%
Ótilgreindur	9	0,4%
Alls	2.150	100,0%


Tafla 2 sýnir dreifingu svarenda um land allt. Flestir þeirra búa í Árnassýslu eða rúm 14% en margir svarendur búa einnig í sveitum á sunnanverðu Vesturlandi og í Skagafirði. Um 1% svarenda býr ekki að staðaldri í dreifbýli en hefur einhverja aðra tengingu við sveitina.

Tafla 2. Búsetusvæði.

Svæði	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda
Nágrenni höfuðborgarsvæðis	64	3,0%
Norðanvert Vesturland	72	3,3%
Sunnanvert Vesturland	203	9,4%
Norðanverðir Vestfirðir	48	2,2%
Sunnanverðir Vestfirðir og Strandir	65	3,0%
Húnavatnssýslur	160	7,4%
Skagafjörður	202	9,4%
Norðanverður Eyjafjörður	64	3,0%
Norður-Þingeyjarsýsla	94	4,4%
Suður-Þingeyjarsýsla	173	8,0%
Sunnanverður Eyjafjörður	174	8,1%
Norðanvert Austurland	163	7,6%
Sunnanvert Austurland	56	2,6%
Árnassýsla	311	14,5%
Rangárvallasýslur	153	7,1%
Skaftafellssýslur	119	5,5%
Byggðakjarni, ekki í dreifbýli	29	1,3%
Alls	2.150	100,0%

Um 16% svarenda sem tóku þátt í könnuninni hafa aldrei búið annars staðar en í sveitinni eða strjálbýlinu þar sem þeir búa, en 84% hafa búið annars staðar. Sama hlutfall eða 16% svarenda í smærri bæjum og þorpum segjast aldrei hafa búið annars staðar. Niðurstöðurnar eru í mótsögn við þá mynd að fólk flyti úr sveitum landsins, þorpum og bæjum og að fáir flytji til baka.


Yfir helmingur svarenda hefur búið í sveitinni samanlagt í meira en 20 ár fimmtingur hefur búið þar í 11 til 20 ár (mynd 1). Fjórðungur hefur búið í sveitinni í 10 ár eða minna.



Mynd 1. Búsetulengd.


2.2 Heimilishagir og félagslegir þættir

Flestir, eða 77% svarenda, búa með maka og á heimilum 32% svarenda eru börn yngri en 18 ára allt árið um kring (mynd 2). Hjá 20% eru fullorðin börn (yfir 18 ára) á heimilinu og 12% búa með foreldrum sínum eða tengdaforeldrum. Um 11% svarenda búa einir.




Mynd 2. Heimilisfólk.

Flestir svarendur segja fjárhagsstöðu sína góða en 57% þeirra telja að fjárhagsleg staða heimilisins sé frekar eða mjög góð (mynd 3). Um 35% segja fjárhagsstöðu sína hvorki góða né slæma og 9% frekar eða mjög slæma.



Mynd 3. Fjárhagsleg staða heimilisins.

Yfir helmingur svarenda ólst að einhverju leyti upp í sveitinni sem þeir búa í núna og stór hluti, eða 40%, ólst þar upp að öllu leyti (mynd 4). Um 29% ólst að einhverju leyti upp í annarri sveit, 23% á höfuðborgarsvæðinu og 22% í þéttbýli annars staðar á Íslandi. Um 4% ólst að öllu leyti upp erlendis.




Mynd 4. Uppeldisstaður.

Foreldrar 93% svarenda eru/voru bæði af íslenskum uppruna, 3% eiga eða áttu eitt erlent foreldri og 4% eiga eða áttu foreldra sem báðir eru eða voru af erlendum uppruna. Hlutfall íbúa af erlendum uppruna á landinu var 15% í byrjun árs 2020 og hefur það vaxið jafnt og þétt undanfarin ár³. Í þessari könnun var hlutfall svarenda af erlendum uppruna aðeins 7% en kynningarefni, auglýsingar og spurningalisti voru á íslensku og ensku. Í fyrri hluta rannsóknarinnar var svarhlutfall þessa hóps aðeins 5% af heildarfjölda svara í smærri bæjum og þorpum en allt kynningarefni og spurningalistar voru auk íslensku og ensku á pólsku.⁴ Bent hefur verið á að íbúar af erlendum uppruna sem hafa fest rætur á Íslandi séu líklegri til að svara en

³ Hagstofa Íslands, 2021b.

þeir sem koma til landsins til styttri dvalar sem kann að skýra að hluta til litlar heimtur í könnunum meðal íbúa af erlendum uppruna.


Algengast er að nánasta fjölskylda svarenda sé búsett í sömu sveit eða á höfuðborgarsvæðinu (mynd 5). Sjaldgæft er að nánasta fjölskylda sé í annarri sveit eða erlendis en nokkuð er um að svarendur eigi nánustu fjölskyldu í byggðakjörnum utan höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 5. Búseta nánustu fjölskyldu.

Nokkuð algengt er að íbúar strjálbýlis eigi bestu vini í næsta nágrenni, en um fjórðungur svarenda segir að flestir eða allir bestu vinir sínir búi í sömu sveit (mynd 6). Jafnframt er algengt að bestu vinir séu búsettir á höfuðborgarsvæðinu.


⁴ Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019.



Mynd 6. Búseta bestu vina.


2.3 Menntun og atvinna

Tæplega 40% svarenda eru með háskólapróf, þar með talið í búfræði eða búvísindum, um fjórðungur er með stúdentspróf eða sambærilegt, 17% hafa starfsmenntun á framhaldsskólastigi og 18% eru með grunnskólapróf eða minna (mynd 7). Um það bil fimmtungur er með búfræðimenntun, þar af 30% á háskólastigi og 70% á framhaldsskólastigi.




Mynd 7. Hæsta menntunarstig.

Tæpur helmingur svarenda er í vinnu hjá öðrum og 43% eru í eigin atvinnurekstri (mynd 8). Um 13% eru á eftirlaunum, 7% í námi, önnur 7% utan vinnumarkaðar af öðrum ástæðum (t.d. vegna örorku) og 4% eru heimavinnandi.



Mynd 8. Atvinnustaða.


Af þeim sem eru í vinnu, þ.e.a.s. þeim sem eru í vinnu hjá öðrum og/eða í eigin atvinnurekstri, starfa 37% í landbúnaði, 16% í ferðaþjónustu, 13% í iðnaði, vélstarfsemi, fjarskiptum, flutningum eða byggingastarfsemi og 13% við kennslu eða fræðslustarfsemi (mynd 9). Tæp 7% eru í heilbrigðis- eða félagsþjónustu, 6% starfa við verslun, skrifstofustörf eða í fjármálaþjónustu og 5% eru í félagsstarfsemi (þ.m.t. hjá félagasamtökum, menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi).



Mynd 9. Atvinnugrein.


Þeir sem búa á jörð eða lögbýli voru spurðir hvort þeir væru bændur og segjast um 62% þeirra vera bændur en 38% eru ekki bændur. Um 65% karla eru bændur en 60% kvenna. Í hópi þeirra sem eru 30 ára eða yngri eru 53% bændur, 67% þeirra sem eru á bilinu 31 til 60 ára og 57% þeirra sem eru 61 árs og eldri.

Talsverður munur er milli svæða á hlutfalli bænda úr hópi svarenda. Í Húnavatnssýslum eru 79% þeirra sem búa á jörð eða lögbýli bændur og á norðanverðu Vesturlandi, í Skagafirði og í Norður-Þingeyjarsýslu eru yfir 70% þeirra bændur (mynd 10). Víðast hvar er hlutfall bænda yfir 60% en í Suður-Þingeyjarsýslu, Árnassýslu, Skaftafellssýslum, á sunnanverðu Vesturlandi og í nágrenni höfuðborgarsvæðisins eru aðeins rúmlega 50% þeirra sem búa jörð eða lögbýli bændur.




Mynd 10. Hlutfall bænda eftir svæðum.

Sauðfjárbúskapur er algengasta atvinnustarfsemin, en 39% segja að hann sé stundaður á jörðinni þar sem þau búa (mynd 11). Hrossarækt er stunduð hjá 18%, mjólkurframleiðsla hjá 16% og nautgriparækt hjá tæpum 16%. Ferðaþjónusta er stunduð á jörðum hjá 13% svarenda og skógrækt hjá 11%. Um 8% segja enga atvinnustarfsemi vera á jörðinni sem þau búa á.



Mynd 11. Atvinnustarfsemi á jörðinni.


Um 44% íbúa dreifbýlis starfa á jörðinni þar sem þeir eiga heima og 39% starfa í nálægum byggðakjarna en talsverður munur er milli landshluta hvar svarendur starfa. Algengast er að þeir sem búa í dreifbýli í nágrenni höfuðborgarsvæðisins starfi á höfuðborgarsvæðinu og hvergi vinnur lægra hlutfall svarenda á jörðinni þar sem þeir búa (mynd 12). Þá starfa um 16% þeirra sem búa á Vesturlandi og 10% þeirra sem búa á Suðurlandi á höfuðborgarsvæðinu. Á Norðurlandi vestra vinnur hærra hlutfall svarenda annars staðar en á jörðinni þar sem þeir búa, eða 52%. Á flestum svæðum er algengt að íbúar dreifbýlisins vinni í nálægum byggðakjarna, en það tíðkast síst á Vesturlandi og Suðurlandi. Helmingur svarenda á Austurlandi vinnur í nálægum byggðakjarna og 47% svarenda á Vestfjörðum.



Mynd 12. Vinnustaður eða starfsstöð.


3 Ánægja og viðhorf til sveitarinnar

Helmingur svarenda er mjög ánægður með að búa í sveitinni eða strjálbýlinu og 31% svarenda eru frekar ánægðir (mynd 13). Um 14% svarenda dreifbýlis eru frekar eða mjög óánægðir með búsetu sína þar.



Mynd 13. Ánægja með að búa í sveit eða strjálbýli.


Mun fleiri eru þeirrar skoðunar að lífsskilyrði í sveitinni hafi batnað en versnað undanfarin ár. Um 45% telja þau hafa batnað en 24% segja þau hafa versnað undanfarið (mynd 14). Þó þeir sem telja að lífsskilyrði muni batna á næstu árum séu fleiri en þeir sem telja að þau mun versna, er munurinn ekki jafn afgerandi og þegar horft er til framtíðar og þegar horft er aftur í tímann. Um 38% telja að lífsskilyrði í sveitinni muni batna á næstu árum, 40% gera ráð fyrir að þau standi í stað og 23% að þau munu versna.



Mynd 14. Breyting á lífsskilyrðum í sveitinni síðustu ár og á næstu árum.


Svarendur voru spurðir hversu miklu máli nokkrir búsetuþættir í sveitinni eða dreifbýlinu skiptu þá. Af þáttunum sem spurt var um skiptir náttúran og

umhverfið flesta máli, en 70% segja þau skipta miklu máli og 20% talsverðu máli (mynd 15). Sveitin sem slík og húsið sem svarendur búa í skipta einnig máli fyrir flesta þeirra. Samfélagið í sveitinni skiptir miklu máli fyrir þriðjung svarenda og talsverðu máli fyrir tæpan þriðjung.



Mynd 15. Mikilvægi búsetuþátta.


Spurt var hvort svarendur myndu finna fyrir óþægindum eða kvíða þegar þeir ferðuðust um þjóðveginn til og frá heimili sínu, annars vegar að sumarlagi og hins vegar að vetrarlagi. Flestir eða 76% finna fyrir engum eða frekar litlum óþægindum að sumarlagi en á veturna finna 57% fyrir engum eða litlum óþægindum (mynd 16).



Mynd 16. Óþægindi eða kvíði við ferðir um þjóðveginn.

Spurt var hvort íbúar dreifbýlis hefðu á síðustu 36 mánuðum neitað sér eða börnum sínum um þjónustu sem þeir eða þau hefðu þurft á að halda. Um 18% svarenda sögðust hafa gert það en 82% höfðu ekki neitað sér um nauðsynlega þjónustu á tímabilinu. Þjónustustig í dreifbýli er töluvert lægra en í þéttbýli og oft þurfa íbúar í að fara um langan veg til að sækja nauðsynlega þjónustu.


Þátttakendur voru einnig spurðir hvort þeim þætti að karlar eða konur hefðu almennt sterkari stöðu í sveitinni þegar kemur að daglegu lífi, atvinnulífi, fjölskyldum og félagsstarfi. Meirihluti svarenda telur kynin standa jafnt á öllum þáttum, en sá þáttur sem helst þykir halla á konur er í atvinnulífinu. Um 37% segja karla hafa sterkari stöðu en konur í atvinnulífinu (mynd 17). Fleiri telja að karlar hafi sterkari stöðu en konur í daglegu lífi og ívið fleiri telja að svo sé einnig innan fjölskyldna. Hins vegar telja ívið fleiri að konur hafi sterkari stöðu í félagsstarfi í sveitinni.



Mynd 17. Staða kynja í sveitinni.

Þá voru þátttakendur spurðir hvort hvetja ætti fólk til þess að setjast að í sveitinni og þá hvaða fólk. Fleiri eru jákvæðir en neikvæðir gagnvart því að


laða að íslenskt aðkomufólk, brottflutta íbúa og fólk af erlendum uppruna en talsvert fleiri eru andvígir því að hvetja eigi fleiri til að kaupa sér orlofshús í sveitinni (mynd 18).



Mynd 18. Hverja ætti að hvetja til að setjast að í sveitinni?.

3.1 Greint eftir kyni og aldri


Nokkur munur er á ánægju karla og kvenna með að búa í sveitinni. Um 85% kvenna eru ánægð með búsetu sína þar en 75% karla (mynd 19). Fleiri karlar en konur eru mjög óánægðir með að búa í sveitinni.



Mynd 19. Ánægja með búsetu í sveitinni eftir kyni.

Þó meirihluti svarenda í öllum aldurshópum sé ánægður með búsetu sína í sveitinni hafa eldri aldurshóparnir meiri tilhneigingu til að vera óánægðir en


þeir yngri (mynd 20). Um 20% þeirra sem eru eldri en 60 ára eru frekar eða mjög óánægðir með að búa í sveitinni og 12% þeirra sem eru 31-60 ára en aðeins 4% þeirra sem eru 30 ára og yngri.



Mynd 20. Ánægja með búsetu í sveitinni eftir aldri.


3.2 Greint eftir búsetu

Alls staðar á landinu eru mun fleiri ánægðir en óánægðir með búsetu sína í sveitinni. Yfir 80% svarenda alls staðar á landinu nema á Vestfjörðum eru frekar eða mjög ánægðir með búsetu sína en á Vestfjörðum eru um 70% ánægðir með búsetuna en 19% óánægðir (mynd 21). Þó flestir séu mjög ánægðir með búsetu sína í sveitum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins eru nokkuð margir, eða 18% frekar eða mjög óánægðir með að búa þar.




Mynd 21. Ánægja með búsetu í sveitinni eftir landshlutum.

Nokkur munur er einnig milli svæða annars vegar á viðhorfi til þess hvort lífsskilyrði í sveitinni hafi batnað eða versnað síðustu ár og hins vegar hvort þau muni batna eða versna á næstu árum. Svarendur í strjálbýli í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og á Suðurlandi telja almennt að lífsskilyrði hafi batnað þar á síðustu árum, en þeir sem búa á Vestfjörðum og á Austurlandi telja þau frekar hafa versnað á síðustu árum (mynd 22). Svipað viðhorf er varðandi hvort lífsskilyrði muni batna eða versna á næstu árum. Sunnlendingar og þeir sem búa í sveitum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins eru hvað bjartsýnastir á framtíðina og þó Vestfirðingar líti heldur bjartari augum á næstu ár en á síðustu ár segja ívið fleiri að lífsskilyrði þar muni versna en batna á næstu árum.



Mynd 22. Breyting á lífsskilyrðum eftir landshlutum.


Þó almennt finni aðeins lítill hluti svarenda fyrir óþægindum eða kvíða þegar þeir ferðast um þjóðveginn til og frá heimili sínu upplifa Vestfirðingar slík óþægindi helst allra að vetrarlagi (mynd 23). Þó minni munur sé milli svæða að sumarlagi eru Sunnlendingar líklegastir til að upplifa slík óþægindi að sumri til og þar næst Vestfirðingar.



Mynd 23. Óþægindi eða kvíði við ferðir um þjóðveginn eftir landshlutum.


4 Viðhorf til búferlaflutninga

Um 35% bænda í könnuninni segja líklegt að börn sín eða aðrir í fjölskyldunni taki við jörðinni þegar þeir hætta búskap, 26% telja það hvorki líklegt né ólíklegt en 40% telja það ólíklegt (mynd 24).



Mynd 24. Líkur á að börn eða ættingjar taki við jörðinni.


Þátttakendur voru spurðir hversu líklegt væri að þeir myndu flytja úr sveitinni í framtíðinni, annars vegar tímabundið og hins vegar fyrir fullt og allt. Rúm 19% sjá fram á að flytja tímabundið í framtíðinni en um 20% telja líklegt að þeir flytji fyrir fullt og allt (mynd 25).



Mynd 25. Líkur á að flytja á brott í framtíðinni.


Þátttakendur voru beðnir að segja hvort þeir gætu hugsað sér að búa í landshlutamiðstöðvum um allt land. Þó svarendur dreifbýlis séu frekar neikvæðir en jákvæðir gagnvart því að búa á þessum stöðum, þá sker Akureyri sig úr hvað varðar vilja svarenda til að búa þar en 35% segjast líklega eða örugglega geta hugsað sér að búa þar (mynd 26). Jafnframt geta

um 28% svarenda líklega eða örugglega hugsað sér að búa erlendis. Nokkur hluti er einnig jákvæður gagnvart því að búa á Selfossi, Egilsstöðum og Sauðárkróki. Þó stór hluti segist ekki vilja búa á höfuðborgarsvæðinu segjast um 17% líklega eða örugglega geta hugsað sér að búa þar. Færri sjá fyrir sér að búa á öðrum stöðum sem nefndir voru.




Mynd 26. Vilji til búsetu í landshlutamiðstöðvum.

Til þess að greina frekar hóp þeirra sem líklegastir eru til að flytja á næstunni var spurt hvort íbúar ætli að flytja úr sveitinni á næstu tveimur til þremur árum. Um 79% svarenda segjast líklega ekki eða örugglega ekki ætla að gera það, en um 10% segjast líklega eða örugglega ætla að flytja á næstu tveimur til þremur árum (mynd 27).



Mynd 27. Áform um búferlaflutninga á næstu 2-3 árum.


Af þeim 10% sem segjast líklega eða örugglega ætla að flytja á næstu tveimur til þremur árum reikna 27% með að flytja á höfuðborgarsvæðið en um fjórðungur ætlar að flytja innan sama landshluta (mynd 28). Rúmur fimmtungur ætlar að flytja til útlanda, 17% til annars landshluta utan höfuðborgarsvæðisins og 10% eru óákveðnir.



Mynd 28. Áfangastaður þeirra sem ætla að flytja á brott á næstu 2-3 árum.

Þeir sem segjast líklega eða örugglega flytja á næstu tveimur til þremur árum voru jafnframt spurðir hvaða þættir skiptu máli fyrir áætlanir þeirra um að flytja úr sveitinni. Hægt var að merkja við fleiri en einn valmöguleika. Atvinnutækifæri skipta miklu máli fyrir 38% svarenda og þó færri segi að aðgengi að menningu og afþreyingu skipti miklu máli segja um 60% að sá þáttur hafi áhrif á áform þeirra um að flytja í burtu (mynd 29). Aðgengi að heilbrigðisþjónustu, nálægð við börn eða stjúpbörn, erfiðar samgöngur, og menntunartækifæri barna eru allt þættir sem yfir fjórðungur svarenda segir að skipti miklu máli fyrir áform sín um að flytja á brott á næstu tveimur til þremur árum. Margir nefndu jafnframt nálægð við aðra ættingja eða vini og


aðgengi að verslun og þjónustu sem þætti sem hefðu nokkur áhrif á áformin um að flytja í burtu.



Mynd 29. Ástæður fyrir áformum um að flytja á brott á næstu 2-3 árum.

Þeir sem ekki ætla að flytja á næstu tveimur til þremur árum voru spurðir hvaða þættir hefðu áhrif á áframhaldandi búsetu þeirra í sveitinni eða strjálbýlinu. Tveir þættir skera sig úr hvað varðar áhrif á áframhaldandi búsetu en það eru annars vegar hreint loft og hins vegar kyrrð og ró. Hvor


Þáttur um sig skiptir nokkru eða miklu máli fyrir áframhaldandi búsetu 94% svarenda (mynd 30). Lítil umferð, lítil hætta á afbrotum og húsnæðið sem fólk býr í skipta einnig máli fyrir yfir 85% svarenda.



Mynd 30. Áhrifaþættir á áframhaldandi búsetu.

4.1 Greint eftir kyni og aldri


Lítill munur er á viðhorfum karla og kvenna til þess að flytja úr sveitinni, hvort sem það er tímabundið eða fyrir fullt og allt. Um fimmtungur beggja kynja segir líklegt eða mjög líklegt að þau muni flytja fyrir fullt og allt í framtíðinni (mynd 31).



Mynd 31. Líkur á að flytja á brott fyrir fullt og allt eftir kyni.

Hins vegar er talsverður munur á viðhorfi til flutninga eftir aldri. Yngsti hópur svarenda er líklegastur til að flytja, hvort sem það er tímabundið eða fyrir fullt og allt. Yfir helmingur þeirra sem eru 18-25 ára segir frekar eða mjög líklegt að þeir flytji tímabundið, en aðeins á bilinu 10-20% þeirra sem eldri eru.


Þó hæsta hlutfall þeirra sem telja frekar eða mjög líklegt að flytja fyrir fullt og allt sé meðal yngsta hópsins, eða um 30%, þá er hlutfallið einnig fremur hátt meðal 61-70 ára svarenda, en 26% þeirra telur frekar eða mjög líklegt að þau flytji úr sveitinni fyrir fullt og allt í framtíðinni (mynd 32).



Mynd 32. Líkur á að flytja á brott fyrir fullt og allt eftir aldri.

4.2 Greint eftir búsetu


Sé vilji til þess að búa í landshlutamiðstöðvum skoðaður eftir landshlutum sést að svarendur sjá í mörgum tilfellum helst fyrir sér að búa í landshlutamiðstöð í sama landshluta (mynd 33). Einkum og sér í lagi á þetta við á Norðurlandi eystra, þar sem svarendur eru almennt nokkuð jákvæðir gagnvart því að búa á Akureyri, og á Austurlandi þar sem svarendur gætu margir hverjir hugsað sér að búa á Egilsstöðum. Aftur á móti á þetta ekki við um svarendur á Vesturlandi, Vestfirðum og Norðurlandi vestra: Svarendur dreifbýlis á Vesturlandi sjá frekar fyrir sér að búa erlendis en í landshlutamiðstöðvum og frekar á Akureyri en Akranesi, Vestfirðingar sjá helst fyrir sér að búa á Akureyri og frekar erlendis en á Ísafirði. Íbúar dreifbýlis á Norðurlandi vestra virðast frekar sjá fyrir sér að búa á Akureyri en á Sauðárkróki.



Mynd 33. Vilji til búsetu í landshlutamiðstöðvum eftir landshluta (meðaltöl).


Íbúar tveggja svæða skera sig úr hvað varðar líkur á að flytja úr sveitinni fyrir fullt og allt í framtíðinni (mynd 34). Annars vegar þeir sem búa í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, því 72% svarenda þar segja ólíklegt að þeir muni flytja fyrir fullt og allt, og hins vegar Vestfirðingar því um 34% svarenda á

Vestfjörðum telja líklegt að þeir muni flytja úr sveitinni fyrir fullt og allt í framtíðinni.



Mynd 34. Líkur á að flytja á brott fyrir fullt og allt eftir landshlutum.

Nokkur munur er eftir svæðum hvert þau 10% svarenda sem ætla að flytja á næstu tveimur til þremur árum hyggjast flytja. Fjórir af þeim fimm sem ætla að flytja og búa í nágrenni höfuðborgarsvæðisins ætla að flytja á höfuðborgarsvæðið en einn til útlanda (mynd 35). Um 82% svarenda af Vestfjörðum sem ætla að flytja stefna á flutninga burt af Vestfjörðum en 6% gera ráð fyrir að halda sig í landshlutunum. Þetta hlutfall er hvergi lægra en á Vestfjörðum. Um 35% svarenda sem búa á Suðurlandi og hyggjast flytja stefna á að vera áfram í landshlutunum og 33% svarenda á Norðurlandi eystra ætla að flytja innan landshlutans. Margir þeirra svarenda sem búa í strjálbýli á Austfjörðum og ætla að flytja stefna á að fara til útlanda, eða 38%.




Mynd 35. Áfangastaður þeirra sem ætla að flytja á brott á næstu 2-3 árum eftir landshlutum.

4.3 Greint eftir menntun og atvinnu


Menntun hefur nokkur áhrif á líkur á að flytja úr sveitinni, sérstaklega tímabundið, en þeir sem hafa stúdents- eða háskólapróf eru talsvert líklegri til að flytja tímabundið en þeir sem hafa annars konar menntun.

Þó svipað hlutfall svarenda af öllum menntunarstigum telji líklegt að þeir flytji fyrir fullt og allt í framtíðinni er hlutfallið sem telur flutninga mjög ólíklega nokkru lægra meðal þeirra sem hafa stúdents- eða háskólamenntun (mynd 36).




Mynd 36. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir menntun.

Þeir sem eru í námi og þeir sem eru utan vinnumarkaðar af öðrum ástæðum (þ.e. ekki heimavinnandi, í námi eða á eftirlaunum) eru líklegri til þess að flytja fyrir fullt og allt í framtíðinni en þeir sem eru í vinnu, heimavinnandi eða á eftirlaunum (mynd 37).




Mynd 37. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir stöðu á vinnumarkaði.

Bændur í hópi svarenda eru nokkuð ólíklegri en þeir sem eru ekki bændur til þess að flytja úr sveitinni fyrir fullt og allt í framtíðinni (mynd 38). Enn meiru munar á þessum tveimur hópum þegar kemur að áformum um að flytja á næstu tveimur til þremur árum, en 11% þeirra sem ekki eru bændur ætla líklega eða örugglega að flytja á næstu tveimur til þremur árum á meðan 5% bænda ætla að flytja (mynd 39).




Mynd 38. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir því hvort svarendur séu bændur.




Mynd 39. Áform um búferlaflutninga á næstu 2-3 árum eftir því hvort svarendur séu bændur.

Ef bændum í könnuninni er skipt í tvo hópa eftir því hvort þeir eru líka í vinnu hjá öðrum eða ekki kemur jafnframt í ljós munur á líkum á því að flytja í burtu fyrir fullt og allt. Þeir bændur sem eru einnig í vinnu hjá öðrum eru ólíklegri til að flytja í framtíðinni en bændur sem ekki eru í vinnu hjá öðrum (mynd 40).



Mynd 40. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir því hvort bændur vinni hjá öðrum eða ekki.


Lítill munur er á því hvort svarendur sjái fyrir sér að flytja úr sveitinni eftir því hvaða atvinnustarfsemi er stunduð á jörðinni. Hlutfall þeirra sem telja frekar eða mjög líklegt að þeir flytji fyrir fullt og allt í framtíðinni er á bilinu 15-19% þegar svörum er skipt eftir atvinnustarfsemi (mynd 41).



Mynd 41. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir atvinnustarfsemi.


4.4 Greint eftir heimilishögum og félagslegum þáttum

Þeir sem segja að fjárhagsstaða heimilisins sé slæm sjá frekar fyrir sér að flytja fyrir fullt og allt í framtíðinni en aðrir (mynd 42). Jafnframt eru þeir sem telja fjárhagsstöðu heimilisins góða aðeins líklegri til að flytja en þeir sem segja stöðuna hvorki góða né slæma.



Mynd 42. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir fjárhagsstöðu heimilisins.


Þar sem börn yngri en 18 ára eru á heimilinu eru svarendur ólíklegri til að sjá fyrir sér að flytja í framtíðinni en þar sem engin börn eru á heimilinu (mynd 43).



Mynd 43. Líkur á að flytja á brott fyrir fullt og allt eftir því hvort börn eru á heimilinu.


Svarendur sem hafa búið í sveitinni í 20 ár eða lengur eru ólíklegri en þeir sem hafa búið þar skemur til að flytja fyrir fullt og allt í framtíðinni (mynd 44).

Fjórðungur þeirra sem hafa búið í sveitinni í 6-20 ár telja frekar eða mjög líklegt að þeir flytji alfarið í framtíðinni.




Mynd 44. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir búsetulengd.

Svarendur sem ólust að miklu eða öllu leyti upp á höfuðborgarsvæðinu eru talsvert líklegri en aðrir til að sjá fyrir sér að flytja úr sveitinni, en um fjórðungur þeirra segja frekar eða mjög líklegt að þeir flytji fyrir fullt og allt í framtíðinni (mynd 45).




Mynd 45. Líkur á að flytja á brott fyrir fullt og allt eftir meginuppeldisstað.

Það getur skipt miklu fyrir áform um að flytja úr sveitinni í framtíðinni ef nánasta fjölskylda svaranda býr þar að miklu eða öllu leyti. Þeir sem hafa meirihluta fjölskyldu sinnar í sömu sveit telja mun síður líklegt að þeir muni flytja fyrir fullt og allt en þeir sem eiga stærstan eða allan hluta fjölskyldu sinnar á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar á Íslandi (mynd 46).




Mynd 46. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir búsetu flestra eða allra í nánustu fjölskyldu.

Það að eiga bestu vini í sömu sveit minnkar einnig líkur á því að fólk flytji úr sveitinni fyrir fullt og allt í framtíðinni. Talsvert lægra hlutfall þeirra sem hafa flesta eða alla bestu vini sína í sveitinni telja líklegt að þeir muni flytja en þeirra sem eiga flesta eða alla bestu vini sína á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar á landinu (mynd 47).




Mynd 47. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir búsetu flestra eða allra bestu vina.



Mynd 49. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir því hvort lífsskilyrði séu talin batna eða versna á næstu árum.

4.5 Greint eftir ánægju og framtíðarsýn

Þeir sem eru mjög ánægðir með búsetu sína í sveitinni eða strjálbýlinu eru ólíklegri til að flytja í burtu en þeir sem eru minna ánægðir. Tæpur helmingur þeirra sem eru mjög ánægðir eru mjög ólíklegir til að flytja fyrir fullt og allt í framtíðinni (mynd 48). Minni munur er á milli þeirra sem eru frekar ánægðir og þeirra sem eru ekki ánægðir.



Mynd 48. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir ánægju með búsetu í sveitinni.

Sá hluti svarenda sem telur að lífsskilyrði í sveitinni muni batna á næstu árum er ólíklegri til að flytja en þeir sem telja að lífsskilyrði muni standa í stað eða versna (mynd 49).

5 Umræður

Niðurstöður þessarar könnunar sýna fram á talsverðan hreyfanleika í sveitum og strjálbýli landsins, þar sem langflestir svarenda í könnuninni hafa búið annars staðar en þar sem þeir búa núna. Þó hefur meirihluti svarenda búið í sveitinni lengur en 20 ár og flestir ólust að mestu eða öllu leyti upp í sveitinni eða strjálbýlinu þar sem þeir búa núna. Fjórðungur svarenda hafa búið í sveitinni í 10 ár eða skemur. Einungis 16% svarenda hafa aldrei búið annarsstaðar en í sveitinni sem þar sem þeir eru búsettir í dag. Þetta er sambærilegt niðurstöðum fyrri könnunar um íbúa í smærri bæjum og þorpum, en þar kom einnig fram að um 16% hafa aldrei búið annars staðar. Niðurstöðurnar benda því til ákveðinnar mótsagnar við þá mynd að fólk flytjist búferlum úr sveitum landsins, þorpum og bæjum og að fáir flytji til baka.

Ekki virðast vera uppi áform um flutning á næstu árum hjá meirihluta svarenda og er mikill meirihluti þeirra ánægður með búsetu sína í sveitum landsins. Þeir sem eru ánægðir með búsetu sína eru ólíklegri til að flytja í burtu en þeir sem eru minna ánægðir og það eru einnig minni líkur á flutningum hjá þeim sem telja að lífsskilyrðin muni batna á næstu árum. Niðurstöður könnunarinnar sýna að yfirgnæfandi meirihluti svarenda í sveitum og strjálbýli landsins er frekar eða mjög ánægður með búsetu sína og ætla sér ekki að flytja þaðan á næstu árum.

5.1 Bakgrunnur

Hér ber að geta að svarhlutfall fólks af erlendum uppruna er yfirleitt lægra í úrtakskönnunum en í þýðinu í heild og leiðir það eðlilega til skekkju í niðurstöðum. Hlutfall íbúa af erlendum uppruna var um 15% á landsvísu í byrjun árs 2020 og hefur það vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Hafa ber þó í huga að hlutfall íbúa af erlendum uppruna er mjög mismunandi eftir byggðarlögum, til dæmis býr einungis einn íbúi af erlendum uppruna í Árneshreppi, eða um 2,5% íbúa á meðan sú tala er ríflega 47% í Mýrdalshreppi, eða 361 íbúi.⁵ Í þessari könnun var hlutfall svarenda af erlendum uppruna um 7% en kynningarefni, auglýsingar og spurningalisti voru á íslensku og ensku. Í fyrri hluta rannsóknarinnar var hlutfall þessa hóps aðeins 5% svarenda í smærri bæjum og þorpum en allt kynningarefni og spurningalistar voru auk íslensku og ensku á pólsku.⁶

Alls tóku 2.150 íbúar strjálbýlis á Íslandi þátt í könnuninni. Um 93% þeirra sögðu að aðalheimili þeirra væri í sveitinni en 7% búa mestmegnis annars staðar og eru ýmist brottfluttir íbúar, eiga fjölskyldu þar eða dvelja þar reglulega. Ríflega helmingur svarenda ólst að einhverju leyti upp í sveitinni sem þau búa í núna og 40% að öllu leyti. Tæpur þriðjungur ólst að einhverju leyti upp í annarri sveit, tæpur fjórðungur á höfuðborgarsvæðinu og rúmlega fimmtungur í öðru þéttbýli á Íslandi.

Niðurstöður könnunarinnar sýna jafnframt að svarendur úr sveitum og strjálbýli landsins eru almennt mjög jákvæðir gagnvart aðflutningi fólks af íslenskum uppruna og eru flestir einnig mjög jákvæðir gagnvart því að hvetja brottflutta íbúa til að snúa aftur. Þá eru fleiri jákvæðir en neikvæðir gagnvart því að hvetja fólk af erlendum uppruna til að flytja í sveitina en töluvert fleiri

⁵ Hagstofa Íslands, 2021b; Markús Þ. Þórhallsson, 2021.

⁶ Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019.

eru þó mótfallnir því að hvetja eigi einstaklinga til kaupa á orlofshúsum í sveitinni.

Það er áhugavert að sjá að hlutfall þeirra svarenda sem vilja heldur hvetja íslenskt aðkomufólk til að flytja í sveitina er ívið hærra en þeirra sem vilja hvetja brottflutta íbúa til að snúa aftur, sem gæti bent til þess að þátttakendur sjái möguleika á jákvæðri þróun byggðar í endurnýjun íbúa.

5.2 Aldur og kyn

Nokkru munaði á þátttöku kynja í þessari könnun en konur voru um 57% þátttakenda og karlar um 43%. Því hefur löngum verið haldið fram að staða kvenna í dreifbýli sé mjög ólík stöðu karla þar sem möguleikar kvenna í dreifðari byggðum eru takmarkaðri en karla og þær því líklegri til að flytja úr byggðinni.⁷ Detang-Dessandre og Molho bentu á að konur sem hafa sótt sér framhaldsmenntun séu líklegri til að flytja búferlum en karlar með sama menntunarstig og benda ennfremur á að karlar virðast hafa sterkari tengsl við atvinnu en konur og því hafa breytingar á atvinnuháttum og vinnuumhverfi oftast meiri áhrif á vilja karlanna til að flytja en kvenna.⁸

Niðurstöður könnunarinnar benda þó til þess að konur séu heldur ólíklegri en karlar til að flytjast búferlum, en fleiri konur en karlar eru ánægð með búsetu sína í sveitinni og sýna niðurstöður einnig að því ánægðari sem svarendur eru með búsetu sína, því ólíklegri eru þeir til að flytja. Þó er lítil munur á viðhorfum kynjanna til flutninga úr sveitunum, hvort sem það er tímabundið eða fyrir fullt og allt. Þetta kemur nokkuð á óvart í ljósi þeirrar umræðu að konur flytji í mun meiri mæli frá smærri byggðarlögum og dreifbýli. Svarendur telja ennfremur að karlar hafi sterkari stöðu í

atvinnulífinu en konur, þá telja einnig flestir að karlar hafi sterkari stöðu í daglegu lífi sem og innan veggja heimilisins. Þetta styður við fyrri rannsóknir þar sem störf í dreifbýli, oft tengd landbúnaði, eru sterklega bundin karlmönnum þar sem gildi samfélagsins og atvinnuhættir eru hærra metin.⁹ Eini vettvangurinn sem svarendur töldu konur hafa sterkari stöðu en karla var í félagsstarfi í sveitinni.

Í þessari könnun mældist þátttaka mest meðal íbúa á aldrinum 51 árs og eldri, eða um 55%. Niðurstöður sýna að svarendur 61 árs og eldri eru óánægðari með búsetu sína en þeir sem yngri eru. Þetta gæti tengst skorti á betra aðgengi að sértækri heilbrigðisþjónustu sem eldri íbúar byggðarlaganna þurfa oft meira á að halda en hinir yngri, sem og löngun og vilja til að búa nær brottfluttum börnum og barnabörnum.

Niðurstöðurnar sýna einnig að aðgengi að heilbrigðisþjónustu, nálægð við börn eða stjúpbörn, erfiðar samgöngur og menntunartækifæri barna eru allt þættir sem yfir fjórðungur svarenda segir að skipti miklu máli fyrir áform sín um að flytja á brott á næstu tveimur til þremur árum. Þá er áhugavert að einungis um 4% svarenda á aldrinum 30 ára og yngri eru óánægð með búsetu sína í sveitinni. Þetta stingur þó nokkuð í stúf við niðurstöður fyrri rannsókna þar sem eldra fólk er ólíklegra til að flytjast búferlum en þeir sem yngri eru.¹⁰ Í þessu tilfelli virðist það ekki vera raunin.

⁷ Dahlström, 1996.

⁸ Detang-Dessandre og Molho, 2000.

⁹ Dahlström, 1996.

¹⁰ Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019.

5.3 Heimilishagir og húsnæði

Langflestir svarenda búa með maka og á heimilum tæplega þriðjungs eru börn yngri en 18 ára allt árið um kring og eru þeir íbúar ólíklegri til að flytja í framtíðinni en íbúar heimila þar sem ekki eru börn. Oft upplifa íbúar í dreifbýli það sem hinn fullkomna stað til að ala upp börn sín, nær náttúrunni og í öryggi fjarri hraða þéttbýlisins og gæti það því eðlilega haft áhrif á áform um flutning.¹¹ Hjá fimmtungi svarenda eru fullorðin börn á heimilinu og um 11% svarenda búa einir.

Langflestir telja fjárhagsstöðu sína góða, eða tæplega 60% en um 9% telja hana vera slæma. Niðurstöður benda til samhengis milli þess að telja fjárhagsstöðu heimilisins slæma og að sjá frekar fyrir sér að flytja fyrir fullt og allt í framtíðinni. Þá er áhugavert að þeir sem telja fjárhagsstöðu heimilisins góða eru þó líklegri til að flytja úr sveitinni en þeir sem telja stöðuna hvorki slæma né góða. Húsnæðisverð er mun lægra í sveitum og strjálbýli en í mesta þéttbýlinu sem hefur líklega áhrif á viðhorf svarenda til fjárhagsstöðu sinnar.¹²

5.4 Atvinna og menntun

Atvinnutækifæri eru mikilvægasta einstaka ástæða þess að svarendur segjast ætla að flytja úr sveitinni eða strjálbýlinu en aðgengi að menningu og afþreyingu, heilbrigðisþjónustu, nálægð við börn eða stjúpbjörn og erfiðar samgöngur skiptir einnig verulegu máli. Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á það hve þungt fjölbreytt atvinnutækifæri vega þegar kemur að viðhorfi fólks til búferlaflutninga. Ennfremur draga aukin atvinnutækifæri úr hættu á brottflutningi íbúa og fólksfækkun og styðja niðurstöður þessarar könnunar

það, en þeir svarendur sem eru með eigin atvinnurekstur, í vinnu hjá öðrum, heimavinnandi eða á eftirlaunum er ólíklegri til að ætla að flytja fyrir fullt og allt en þeir sem eru í námi eða eru án vinnu.

Af öllum svarendum er tæplega helmingur í vinnu hjá öðrum og 43% eru með eigin atvinnurekstur. Rúmlega 14% svarenda eru í námi eða utan vinnumarkaðar. Þær atvinnugreinar sem vega þyngst eru landbúnaður og ferðaþjónusta en flestir svarendur stunda atvinnu í þeim greinum. Þrátt fyrir að helsta atvinnugrein svarenda sé landbúnaður hefur ferðaþjónusta rutt sér til rúms undanfarin ár og fylgir sú atvinnugrein fast á hæla þeirrar fyrrnefndu.

Mikilvægi ferðaþjónustu í eflingu byggða er ótvírætt, rétt eins og fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á. Ferðaþjónusta hefur á stuttum tíma orðið ein mikilvægasta atvinnugreinin á Íslandi og samkvæmt Samtökum ferðaþjónustunnar hefur hlutur hennar aukist jafnt og þétt frá árinu 2009.¹³ Árið 2020 varð þó um 80% samdráttur í komu ferðamanna til landsins sem hefur óneitanlega haft áhrif á ferðaþjónustuna. Þá var áhugavert að sjá hve margir þátttakenda starfa ekki á jörðum sínum þar sem þeir búa, heldur í nálægum byggðakjörnum. Þá má nefna að hvergi starfa færri þátttakendur á jörð sinni, en þeir sem búa í dreifbýli í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Meirihluti svarenda eru bændur og er hlutfallið nokkuð svipað eftir kyni, en 65% karla og 60% kvenna eru bændur. Hlutfall bænda er jafnframt hæst á miðjum aldri og eru flestir þeirra á aldursbilinu 31-60 ára. Hlutfall bænda er örlítið lægra eftir 61 árs aldurinn og í því tilliti geta kynslóðaskipti í landbúnaði, þar sem afkomendur eða aðrir fjölskyldumeðlimir taka við búinu, stuðlað að því að byggð haldist. Við slík skipti er bújörðin oft helsti

¹¹ Morris og Evans, 2001.

¹² Vífill Karlsson, 2012, 2017; Þóroddur Bjarnason og Sigríður Elín Þórðardóttir, 2017.

¹³ Samtök Ferðaþjónustunnar, 2019.

sparnaður þeirra sem eldri eru og skapar á sama tíma ákveðið svigrúm fyrir þá sem yngri eru og hafa áhuga á að taka við rekstri jarðarinnar.¹⁴ Um þriðjungur bænda í könnuninni reiknar með því að afkomendur þeirra eða aðrir fjölskyldumeðlimir taki við jörðinni þegar þeir hætta búskap en 40% telja það ólíklegt.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru bændur nokkuð ólíklegri en þeir sem ekki eru bændur til að flytja úr sveitinni fyrir fullt og allt í framtíðinni og eykst munurinn þegar kemur að áformum um flutning í nánustu framtíð en afar fáir bændur sjá fyrir sér að flytja burt úr sveitinni á næstu árum. Áhugavert er að sjá að þeir bændur sem starfa einnig hjá öðrum, auk þess að sinna vinnu á sinni eigin jörð eru ólíklegri til að flytja en þeir bændur sem eru einungis í eigin atvinnurekstri.

Tæplega 40% þátttakenda er með háskólapróf, en meiri líkur eru á því að þeir sem lokið hafa námi í framhalds- eða háskóla stefni á að flytja úr sveitinni tímabundið frekar en þeir sem hafa grunnmenntun eða starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Það er í samræmi við fyrri rannsóknir um viðhorf íbúa til búferlaflutninga í bæjum og þorpum á Íslandi.¹⁵ Þetta gæti verið vísbending um að aukinni menntun fylgi aukinn sveigjanleiki í búsetu, þar sem íbúar sveita og strjálbýlis sjá aukna möguleika í búferlaflutningum með hærri menntunarstigi. Því hefur menntun þó nokkur áhrif á líkur á að flytja úr sveitinni, þá sérstaklega tímabundið.

5.5 Þjónusta og afþreying

Þóroddur Bjarnason benti á að þrátt fyrir að skortur á atvinnutækifærum sé ein helsta ástæða þess að fólk í smærri byggðarlögum Íslands velji að

flytjast burt þá hafi skortur á aðgengi að menningu, afþreyingu og annarri grunnþjónustu einnig áhrif.¹⁶ Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að það sama eigi við um íbúa sveita og annars strjálbýlis á Íslandi.

Þátttakendur þessarar könnunar voru spurðir hversu miklu máli nokkrir búsetuþættir skiptu þá persónulega í sveitinni eða strjálbýlinu og af þeim þáttum sem spurt var um skipta náttúran og umhverfið flesta máli, eða 90% þátttakenda.

Athygli vekur að 18% svarenda hafa neitað sér eða börnum sínum um þjónustu sem var nauðsynleg sem er áhugavert í ljósi fyrri rannsókna sem hafa sýnt fram á að góð umgjörð um fjölskyldur skipti máli þegar kemur að vali á búsetu. Í flestum tilfellum er þjónustustig í dreifðari byggðum töluvert lægra en í þéttbýli og því nauðsynlegt fyrir íbúa að fara um langan veg til að sækja, oft á tíðum, nauðsynlega þjónustu. Þóroddur Bjarnason og Jón Þorvaldur Heiðarsson bentu á að það sé eðlilegt að opinber þjónusta sé kostnaðarsamari í landsbyggðunum þar sem kostnaður við að halda við skólastarfi, samgöngum og heilbrigðisþjónustu sé töluvert hærri þar sem færri nýta sér þjónustuna.¹⁷ Þeir benda þó einnig á að grundvöllur velferðarríkis sé sá að íbúar landsbyggðanna eigi að hafa aðgang að nauðsynlegri þjónustu, rétt eins og íbúar þéttbýlli svæða.

Í inngangi að Byggðaáætlun segir að móta skuli stefnu um opinbera þjónustu með það að markmiði að íbúar landsins, óháð búsetu, njóti sama

¹⁴ Stjórnarráð Íslands, 2021.

¹⁵ Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019.

¹⁶ Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019.

¹⁷ Þóroddur Bjarnason og Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2013.

aðgengis að grunnþjónustu.¹⁸ Niðurstöður þessarar könnunar undirstrika mikilvægi þess að hugað sé sérstaklega að íbúum dreifðari byggða Íslands. Þá vekur athygli að íbúar á Vestfjörðum skáru sig nokkuð úr hvað varðar upplifun óþæginda við akstur að vetrarlagi, þó það komi ekki á óvart. Það sem takmarkar samgöngur á Vestfjörðum er helst að vegalengdir eru miklar, vegþjónusta takmörkuð og hluti vegakerfis er enn með óbundnu slitlagi. Samgöngur eru ein af grunnstoðum innviða samfélaga og eru ennfremur grundvöllur fyrir annarri þjónustu líkt og heilbrigðisþjónustu, menntun og löggæslu. Samgönguáætlun 2020-2034 gerir ráð fyrir að aka megi á milli sunnan og norðanverðra Vestfjarða á bundnu slitlagi um Dynjandisheiði frá og með árinu 2025 og um Bíldudalsveg frá og með árinu 2028.¹⁹ Með opnun Dýrafjarðargangna í október 2020 gætu þessi viðhorf um óþægindi við akstur hafa breyst að einhverju leyti. Dýrafjarðargöng og dagleg vegþjónusta á Dynjandisheiði munu skipta sköpum fyrir búsetu á Vestfjörðum og gera mögulegt að veita minniháttar eða sérhæfða þjónustu yfir daginn.

5.6 Fjölskylda og vinir

Margir upplifa sterk tilfinningaleg tengsl við ákveðna staði og getur það vegið þungt þegar kemur að viðhorfi einstaklinga til flutninga og ýtt undir að einstaklingar sem hafa flutt burt úr sínu byggðarlagi snúi þangað aftur.²⁰ Niðurstöður sýna að algengast er að nánasta fjölskylda svarenda sé búsett í sömu sveit eða á höfuðborgarsvæðinu. Þá er ekki algengt að nánasta fjölskylda þátttakenda sé búsett í annarri sveit. Því má segja að niðurstöður hér endurspegli áhrif fjölskyldu- og vinatengsla á ákvarðanir íbúa um búsetu en þeir sem eiga flesta nána fjölskyldumeðlimi og vini í sömu sveit eru

ólíklegri til að flytja burt en þeir sem eiga fáa eða enga. Það sýnir bersýnilega hve miklu máli félagsleg tengsl geta skipt hvað varðar áform og viðhorf til búferlaflutninga.

5.7 Hreyfanleiki fólks

Hér er leitað skýringa á fyrirhuguðum búferlaflutningum með margvíslegum hætti þar sem leitað er svara við því hvort aldur, kyn, menntun, staða á atvinnumarkaði, húsnæði og heimili, búseta fjölskyldu og vina eða aðrir þættir hafi áhrif á fyrirætlanir um flutninga. Munur er á viðhorfi til flutninga eftir aldri en yngsti hópur inn er líklegastur til að flytja á næstu árum. Rúmlega fjórðungur svarenda á aldrinum 61-70 ára telja frekar eða mjög líklegt að þeir flytji úr sveitinni í framtíðinni. Þeir svarendur sem hafa búið í sveitinni í 20 ár eða lengur eru ólíklegastir til að flytja burt fyrir fullt og allt í framtíðinni.

Þá er áhugavert að sjá að þeir svarendur sem ólust að miklu eða öllu leyti upp á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri en aðrir að sjá fyrir sér flutninga burt úr sveitinni en fjórðungur þeirra sér fyrir sér að flytja burt fyrir fullt og allt í framtíðinni. Mikill meirihluti telur litlar líkur á flutningum úr sveitinni í nánustu framtíð og reikna flest með því að flytja innan sama landshluta og næstflestir reikna með að flytja á höfuðborgarsvæðið. Eins og fram hefur komið þá vega fjölbreytt atvinnutækifæri þungt þegar kemur að fyrirætlunum íbúa um búferlaflutninga og þrátt fyrir að ívið færri telji aðgengi að menningu og affreyningu skipta jafn miklu máli og atvinnutækifæri telja um 60% að þeir þættir hafi áhrif á áform þeirra um brottflutning.

¹⁸ Stjórnarráð Íslands, 2018.

¹⁹ Þingskjal nr. 928/2018-2019, 2019.

²⁰ Albertína F. Elíasdóttir, 2012.

Áhugavert að sjá að af þeim þáttum sem hafa hvað mest áhrif á áframhaldandi búsetu í sveitinni vega hreint loft, kyrrð og ró þungt en 94% svarenda töldu þá þætti skipta máli. Einnig höfðu þættir eins og lítil umferð, lítil hætta á afbrotum og húsnæðið sem svarendur búa í einnig áhrif. Áhugavert væri að skoða tengsl ofantalinna þátta og fjölda íbúa með börn á heimilinu, útfra forsendum þeirra til búsetu. Rannsóknir hafa einmitt sýnt að fólk lítur oft á dreifbýlið sem kjörinn stað til að ala upp börn, í nálægð við náttúruna, í kyrrð og ró.²¹

5.8 Stóra myndin

Að lokum er áhugavert að sjá hve afgerandi tengslin eru á milli þess að telja líf skjör góð og möguleika á að þau batni og þess að stefna ekki á flutning á næstu árum. Þeir sem hins vegar telja líf skjör sín ekki góð eða líklegt að þau versni á næstu árum eru líklegri til að flytja burt. Mun fleiri telja lífsskilyrði sín í sveitinni hafa batnað en þeir sem telja svo ekki vera. Velta má upp hvaða ástæður gætu legið að baki því að íbúar í sveitum og strjálbýli í nágrenni höfuðborgarsvæðisins telji almennt að lífsskilyrði þar hafi batnað á síðustu árum á sama tíma og íbúar á Vestfjörðum og á Austurlandi telja þau hafa versnað á síðustu árum.

Niðurstöður benda því til þess að nálægð og gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu, góðum samgöngum allt árið um kring, menningu, afþreyingu, þjónustu og þeim þáttum sem hér hafa áður komið fram skipti máli þegar svarendur meta búsetuánægju sína. Heilt yfir eru þó mun fleiri ánægðir með búsetu sína í sveitinni en ekki og eru bersýnileg tengsl á milli þess að upplifa ánægju með búsetu sína og þess að flutningar séu ólíklegir. Því má draga þá ályktun að hreyfanleiki úr sveitum og strjálbýli Íslands verði

ekki mikill á næstu árum en þó er athyglisvert að sjá að þróun íbúafjölda í dreifbýli mældist -2,6% á milli árána 2020-2021.²² Það má velta því upp hvort það tengist sveiflu í ferðapjónustu í dreifbýli, en atvinnuleysi jókst gríðarlega í kjölfar Covid-19 og í dreifbýli mældist atvinnuleysi í rúmlega 17%.²³ Einnig væri áhugavert að skoða mat íbúa á þróun byggða í samhengi við samgöngubætur, breytta atvinnuhætti og mannfjöldapróun.

²¹ Morris og Evans, 2001.

²² Byggðastofnun, 2021b.

²³ Vinnuálastofnun, 2021.

Heimildaskrá

- Albertína F. Elíasdóttir. (2012). Ég á Ísafjörð og Ísafjörður á mig: Staðartengsl og staðarsjálfsmynd í samhengi við búsetuval. MA ritgerð við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Byggðastofnun. 2021a. Breyting á íbúafjölda sveitarfélaga. Sótt af <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/maelabord/breytingar-a-ibuafjolda-sundurlidun>
- Byggðastofnun. 2021b. Íbúafjöldi sveitarfélaga og byggðakjarna. Sótt af https://public.tableau.com/profile/byggdastofnun#!/vizhome/ibuafj_sveit_arf-byggdakj/ibuafjoldi
- Detang-Dessandre, C. og Molho, I. (2000). Residence spells and migration: A comparison for men and women. *Urban Studies*, 37(2), 247–260. <https://doi.org/10.1080/0042098002177>
- Hagstofa Íslands. (2021a). Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 1. janúar 2001-2021. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnar/MAN030101.px
- Hagstofa Íslands. (2021b). Erlendir Ríkisborgarar 1950-2020. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Rikisfang/MAN04001.px
- Markús Þ. Þórhallsson. (2021, 25. janúar). Hlutfall erlendra ríkisborgara að jafnaði 14%. RÚV. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/2021/01/25/hlutfall-erlendra-rikisborgara-ad-jafnadi-14>
- Morris, C. og Evans, N. (2001). 'Cheese makers are always women': Gendered representations of farm life in the agricultural press. *Gender, Place and Culture*, 8(4), 375–390. <https://doi.org/10.1080/09663690120111618>
- Samtök Ferðapjónustunnar. (2019). Lykiltölur og tölfræði. Sótt af <https://www.saf.is/lykiltolur/tolfraedi/>
- Stjórnarráð Íslands. (2021). Ræktum Ísland! Landbúnaður á 21. öld. Sótt af https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Landbunadur/210414_ANR_%20RaektumIsland_V6.pdf
- Stjórnarráð Íslands. (2018). Byggðaaætlun. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-ogbyggdamal/byggdamal/byggdaaetlun/>
- Vinnumálastofnun. (2021). Greining á atvinnuleysi eftir bakgrunni. Sótt af <https://vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplýsingar/atvinnuleysi-tolulegar-upplýsingar/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum>
- Vífill Karlsson. (2012). Transportation improvement and interregional migration. Doktorsritgerð, Háskóli Íslands.
- Vífill Karlsson. (2017). Fjarbúar og fasteignamarkaður á landsbyggðunum: Önnur heimili og vinnumarkaður á landsbyggðunum. <http://ssv.is/wp-content/uploads/2017/08/Fjarb%C3%BAar-og-fasteignamarka%C3%B0ur-%C3%A1-landsbygg%C3%B0unum-2.pdf>
- Þóroddur Bjarnason og Sigríður Elín Þórðardóttir. (2018). Vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins frá öðrum byggðarlögum á Suðvesturlandi. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 15(2), 97–114.
- Þóroddur Bjarnason og Jón Þorvaldur Heiðarsson. (2013). Útgjöld ríkisins í Norðausturkjördæmi og tekjur ímyndaðs „Norðausturríkis“. *Stjórnmál og stjórnsýsla* 9(1), 155–170. [https://doi.org/10.1016/0743-0167\(96\)00004-6](https://doi.org/10.1016/0743-0167(96)00004-6)
- Þóroddur Bjarnason, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Ólöf Garðarsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir, 114 Unnur Dís Skaptadóttir og Vífill Karlsson. (2019). Byggðafesta og búferlaflutningar: Bæir og þorp á Íslandi vorið 2019. Sótt af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdafesta/byggdafesta_34bls_2019_net.pdf



BYGGÐAFESTA OG BÚFERLAFLUTNINGAR
Sveitir og annað strjálbýli á Íslandi vorið 2020